

Nesfréttir

NÓVEMBER 2018 • 11. TBL. • 31. ÁRG. • www.borgarblod.is 30. ára



Hádegistilboð

Frá kl. 11-16

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,333 cl gos 1.000 KR.

MIDSTÆRÐ
af matsæli og 0,333 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar 2019

Óbreytt álagningarhlutfall - skuldir aukast

Gert er ráð fyrir að skatttekjur Seltjarnarnesbæjar verði 3.625 milljónir króna á næsta ári samanborið við 3.302 milljónir á yfirstandandi ári. Bærin mun hafa 3.017 milljónir í tekjur af útsvari og 345 milljónir af fasteignasköttum og lóða leigu. Þá er gert ráð fyrir 262,8 milljóna framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2019. Þetta kemur fram í fjárhagsáætlun bæjarfélagsins sem lögð var fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar miðvikudaginn 14. nóvember. Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar verði í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar miðvikudaginn 28. nóvember n.k.

Fjárhagsáætlunin byggir á því að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt eða 13,7% sem er verulega undir leyfilegu hámarki samkvæmt gildandi lögum og að álagningarhlutfall fasteignaskatta

verði einnig óbreytt 0,175%. Við áætlun útsvars er gert ráð fyrir að útsvarstekjur muni hækka í takt við almennar launahækkningar, einnig er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun íbúa milli ára. Því er gert ráð fyrir að tekjur af útsvari nemi um 3.017 milljónum króna á árinu, sem er rúmlega 9% hækkun milli ára. Skuldir Seltjarnarnesbæjar hafa verið langt undir viðmiðunarmörkum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Í fjárhagsáætlun næsta árs er gert ráð að skuldahlutfall hækki í árslok 2019 þar sem miklar framkvæmdir hafa verið á árinu sem er að líða. Má þar nefna byggingu á fjörutíu rýma hjúkrunarheimili sem tilbúið verður um áramótin og stækkun á íþróttamiðstöðinni en þær framkvæmdir eru nú í fullum gangi.

HÁVÍÐI

25 vöruskiptir með 100.000 kr. • 3.7

Nýr jólamíði!

HAPPA ÞRENNAN
Skemmtigt að skaf!

Opið

8-24
alla daga

Á EIDISTORGI

HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- Saga föður míns
er með ólíkindum
- bls. 8-9



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Hjúkrunarheimilið

Nú er hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi að verða tilbúið. Bæjaryfirvöld eru nú að leita eftir rekstraraðila og hafa falið Sjúkratryggingum Íslands að auglýsa eftir honum. Ekki er enn komin niðurstaða í það mál en benda má á stóru hjúkrunarheimilin – hjúkrunarheimili á borð við Grund, Hrafnistu og Sóltún hafa tekið að sér rekstur minni hjúkrunarheimila. Með því nýtast ýmis samlegaráhrif sem ekki myndi gæta ef bæjarfélagið annaðist sjálf um rekstur þess.

Annað sem Seltirninga fýsir eflaust að vita er hvort þeir eigi Aforgang að nýja hjúkrunarheimilinu. Svo er ekki. Sveitarfélög hafa ekkert að segja um hverjir fá pláss á hjúkrunarheimilum þótt þau hafi staðið fyrir byggingu þeirra og annist rekstur að hluta eða öllu leyti. Það mál er í höndum færni- og heilsumatsnefnda sem sjá alfarið um úthlutun miðað við færni og heilsumat hvers og eins.

Nesvegur - Suðurströnd

Íbúar á Seltjarnarnesi hafa kvartað undan umferðinni í nágrenni Eiðistorgsins. Gangbrautir eru ekki nægilega sýnilegar og tveir akstursútgangar séu af bílastæðinu við torgið út á Nesveg þar sem nægilegt væri að hafa einn. Mestur hluti umferðarinnar af Nesvegi til vestur beygir til vinstri inn á Suðurströndina. Engin beygjuljós eru á gatnamótunum. Spurning er hvort ekki sé tímabært að huga að beygjuljósum eða hugsanlega öðrum lausnum á þessum fjölförnu gatnamótum.

Alþingmenn kjördæmisins í heimsókn

Kjördæmavika hjá þingmönnum þjóðarinnar var í byrjun október og komu þingmenn kjördæmisins þá í heimsókn hingað á Seltjarnarnesið.

Þeir áttu góðan fund með fulltrúum bæjarstjórnar, þar sem meðal annars var rætt um málefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, rekstur hjúkrunarheimila, málefni fatlaðra og samgöngumál svo nokkuð sé nefnt.



Á myndinni eru fv.: Sigurþóra Bergsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Guðmundur Andri Thorsson, Bjarni Benediktsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Magnús Örn Guðmundsson, Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Karl Pétur Jónsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Una María Óskarsdóttir og Ólafur Þór Gunnarsson.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á
Facebook

Full búð af náttfatnaði og sloppum frá Trofé



Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álfheimar 74
S. 544 4088 - www.ynja.is

GEFÐU FRÍ UM JÓLIN



Gjafabréf Icelandair er góð gjöf

Gefðu flug með Icelandair um jólin og bjóddu ástvinum þínum að upplifa ævintýri og skapa dýrmætar minningar. Hvern vilt þú gleðja?



Seltjarnarnes- bær gerist Heilsueflandi samfélag



Alma D. Möller landlæknir og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri við undirritunina.

Seltjarnarnesbær varð formlega aðili að Heilsueflandi samfélagi í lok október sl. þegar að Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Alma D. Möller landlæknir undirrituðu samning þess efnis í húsnæði Vivaldi allarins á Seltjarnarnesi.

Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Í slíku samfélagi er heilsa og líðan íbúa í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum.

Með Seltjarnarnesbæ eru 23 sveitarfélög aðilar að Heilsueflandi samfélagi og skuldbinda sig þannig til að efla heilsu og vellíðan íbúa sinna með markvissum hætti. Með innleiðingu Heilsueflandi samfélags vinna sveitarfélög einnig að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Nú er unnið að því með fulltrúa landlæknisembættisins að útfæra betur hvernig Seltjarnarnesbær getur best uppfyllt markmiðin og verður það kynnt sérstaklega fyrir íbúum.

Vonast eftir farsælli lausn

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segist vongóð um að farsæl lausn finnst á málum íbúa heimilisins Bjargs við Skólalbraut 10 hjá Velferðarráðuneytinu.

„Það er bagalegt að íbúarnir og aðstandendur þeirra búi við óvissu um framhald búsetuúrræðisins. Sú heilbrigðisþjónusta sem þeir hafa notið um árabíl og í sumum tilfellum um áratugaskið þarf að sjálfsögðu að vera í föstum skorðum. Þetta mál á sér langa sögu sem hófst með því að árið 1968 var gerður samningur á milli Hjálpræðishersins og Kleppsspítala um rekstur Bjargs fyrir sjúklinga af spítalnum.“ Ásgerður segir að samkvæmt álti lögfræðinga sem bærinn hefur leitað til, vegna kröfu Velferðarráðuneytisins um að bærinn taki við rekstri heimilisins, flokkist þjónusta af þessu tagi ekki undir þau verkefni sem sveitarfélaginu er ætlað að sinna samkvæmt lögum. Ráðuneytið túlki málið á annan hátt og því afar mikilvægt að leyst verði úr ágreiningnum sem fyrst. Það sé hins vegar varhugavert ef bæjarstjórn tæki möglunarlaust við nýjum verkefnum frá ríkinu án þess að fyrir liggja hvernig þau verði fjármögðu. Rétt er að taka fram að Velferðarráðuneytið hefur aldrei vísað til neinna laga um að Seltjarnarnesbæ sé skylt að taka við rekstri Bjargs enda er enginn slíkur lagagrundvöllur fyrir hendi.

Bjarg er skilgreint sem heilbrigðisstofnun

Í bréfi Velferðarráðuneytisins sem bærinn hefur móttakið kemur fram að það hafi óskað eftir liðsinni sveitarstjórnarráðuneytisins við að „knýja á um að Seltjarnarnesbær sinni lögbundnum skyldum sínum gagnvart íbúum sveitarfélagsins sem búsettir eru á Bjargi.“ Ásgerður segir að sá galli sé á þessum mállutningi ráðuneytisins að Bjarg sé ekki og hafi aldrei verið skilgreint í lögum sem þjónustustofnun heldur heilbrigðisstofnun. Engin lagaleg heimild er fyrir því að knýja bæinn til að taka yfir rekstur slíkrar stofnunar.



Bjarg á Seltjarnarnesi hefur verið heimili fatlaðra einstaklinga í áratugi.

Sambærilegt heimili í Kópavogi fjármagnað af Landspítala

Ásgerður segir að árið 2012 hafi Velferðarráðuneytið ráðið sérfræðing til að gera úttekt á Bjargi og lauk sá verkefninu með ítarlegri greinargerð þann 30.11.2012. Í greinargerðinni er ávallt gengið út frá því að Bjarg sé heilbrigðisstofnun sbr. eftirfarandi: „Íbúar heimilisins, dvelja skv. skilgreiningu laga á heilbrigðisstofnun og því falla greiðslur lífeyris til þeirra frá Tryggingastofnun niður.“

Ásgerður ítrekar: „Sveitarfélaginu ber ekki skylda til að taka við rekstri Bjargs, það hefur margoft verið ítrekað við ráðuneytið, en Seltjarnarnesbær mun hins vegar og að sjálfsögðu uppfylla skyldur sínar um þjónustu við fatlað fólk, að svo miklu leyti sem kveðið er á um það í lögum.“

Að sögn Ásgerðar hefur Seltjarnarnesbær vísað í mállutningi sínum til sambærilegs máls þar sem vistunardeildum á Landspítala í Kópavogi, stundum kallaðar Kópavogshælið, var breytt árið 2013, en þá bjuggu 10 einstaklingar þar. Gerðu spítalinn og Ás styrktarfélag með sér samning án nokkurrar aðkomu viðkomandi sveitarfélags. Seltjarnarnesbær telur að gæta verði samræmis í lagalegu tilliti og að óheimilt sé að mismuna sveitarfélögum í málum sem þessum. „Við teljum einboðið að Velferðarráðuneytið viðhafi sömu úrlausn gagnvart Bjargi og gert var í Kópavogi. Það væri farsæl, eðlileg og rétt niðurstaða að okkar mati.“



KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bíl.



Smáviðgerðir

Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

BÆJARLISTAMAÐUR SELTJARNARNESS 2019

Umsóknarfresti lýkur þann 25. nóvember nk.

Vakin er athygli á því að nú styttest í að lokað verði fyrir umsóknir / tilnefningar á Bæjarlistamanni Seltjarnarnesi 2019 en Menningarnefnd Seltjarnarness hefur auglýst eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða tilnefningum um hver hljóta skuli nafnbótina Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2019.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is. Umsóknir og tilnefningar þurfa að vera rökstuddar, ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi þurfa að fylgja sem og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað fyrir 25. nóvember n.k. í gegnum heimasíðu bæjarins (umsóknir/eyðublöð), með tölvupósti á netfangið maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is eða bréfleiðis á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: „Bæjarlistamaður 2019“.

Menningarnefnd Seltjarnarness

BÍLINN ÞINN

Tökum að okkur að fara með bíla í skoðun fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Verðið er 3.000 kr. + Skoðunargjald.

Við komum til þín þar sem þú ert og færum bílinn til skoðunar.

Ekki borgar vanrækslugjald að óþörfu.



Bílanes - Bygggördum 8 - Seltjarnarnesi
S: 561 1190 - www.bilanes.is
bilanes@internet.is

Kjötkompaní

WELLINGTON
& VEISLUR

STÚTFULL BÚÐ AF JÓLAGÓÐGÆTI!

Hafnarfirði & Grand a

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Hjúkrunarheimilið tilbúið um áramótin

Beðið eftir áhugasömum rekstraraðila

Frankvæmdir við hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi eru á lokastigi. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um rekstarafyrirkomulag þess en óskað hefur verið eftir því að Sjúkratryggingar Íslands auglýsi eftir rekstraraðila og er niðurstöðu þess beðið. Nesfréttir höfðu samband við Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra um hvaða staða sé á málinu.

Ásgerður segir að hjúkrunarheimilið verði tilbúið um áramótin eins og ráðgert hafi verið. “Verkefnið hefur gengið mjög vel og nú er verið að klára síðustu verkin innandyrna og frágangur á lóð er í fullum gangi. Byggingin fellur mjög vel að umhverfinu. Þessi möguleiki að geta gengið upp á þakið til að njóta útsýnisins er einstakur og verður án efa mikið notaður. Þegar heimilið er tilbúið verður boðið upp á að skoða heimilið en það verður auglýst alveg sérstaklega.” Ásgerður segir að nokkrir aðilar hafi lýst yfir áhuga að reka hjúkrunarheimilið þar á meðal Sóltún,

Grund og Hrafnista. Það verði síðan rekstraraðilanna að skipuleggja starfsmannamálin en heimilið gerir ráð fyrir fjörutíu íbúum.”

Færni- og heilsufarsnefndir ákveða

Hvenær gæti komið að því að fyrstu vistmennirnir muni flytja á hjúkrunarheimilið. Ásgerður bendir á að eins og oft hafi komið fram í allri umræðu um hjúkrunarheimili á landinu þá er biðlistinn því miður langur. “Varðandi varanlega búsetu einstaklinga á hjúkrunar- og dvalarheimilum þá þarf ávallt að fara fram einstaklingsbundið færni og heilsumat á þörfum viðkomandi. Umsóknir um búsetu á hjúkrunarheimili þurfa að berast færni- og heilsumatsnefndum en á vef Landlæknis er hægt að fá allar nánari upplýsingar. Seltirningar geta að sjálfsögðu óskað eftir því að fara á nýja hjúkrunarheimilið sem hér er að opna en nefndin sér alfarið um að úthlutun miðað við



Hjúkrunarheimilið verður tilbúið um áramótin.

færni og heilsumat hvers og eins, eins og fyrr segir.”

Beðið eftir áhugasömum rekstraraðila

Ásgerður segir að Seltjarnarnesbær hafi óskað eftir því við Heilbrigðisráðuneytið að Sjúkratryggingar Íslands auglýsi eftir

rekstraraðila og beðið sé eftir þeirri niðurstöðu. “Sem dæmi þá auglýstu Sjúkratryggingar Íslands nýverið eftir rekstraraðila fyrir nýja heimilið við Sólvang í Hafnarfirði og sýndu nokkrir aðilar því verkefni mikinn áhuga. Sóltún hefur nú tekið við rekstrinum á því hjúkrunarheimili.”

JOLAMATSEÐILL TAPASBARSINS

9 FRÁBÆRIR RÉTTIR – GÓMSÆT BLANDA ÍSLENSKRA OG SPÆNSKRA JÓLAHEFÐA

★ Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

★ 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið

- Rauðrófu- og piparótargrafinn lax
- Tvíreykt hangikjötstartar með balsamik vinaigrette og laufabrauði
- Risahörpuskel með sellerírótarmauki, grilluðu serrano og passionfroðu
- Andabringa með jarðskokkum, svartrót og Malt- og appelsínsósu
- Bjórgljáð lynghæna með rauðkálsgeli og bjórsósu
- Hvítlauksbakaðir humarhalar með mangósalsa
- Nautalund með sveppa duxelle og bernaisefroðu

★ Og í lokin tveir ljúfir eftirréttir

- Súkkulaðiterta með berja-compoté
- Crema Catalana með Dulce de leche

Borðapantanir á tapas.is og í síma 551 2344

8.990 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið

Vesturgata 3B | 101 Reykjavík | www.tapas.is



KIRKJUBRAUT 1

OPIÐ HÚS, MÁNUDAGINN 26. NÓVEMBER
KL. 16:30 – 17:30



Sex glæsilegar 2ja - 3ja herbergja fullbúnar íbúðir á besta stað á Seltjarnarnesi.

Stærð íbúða er 73,6 – 97,7 fm.

Íbúðir afhendast fullbúnar með gólfefnum.
Fallegur frágangur.

Frábært útsýni og opið svæði við Valhúsaæð.

Sérinngangur að fjórum íbúðum.

Húsið hefur verið endurnýjað að öllu leyti að innan og utan.

Afhending íbúða fer fram í desember 2018 og janúar 2019.

DOMUS **NOVA**
Fasteignasala

Nýbýlavegur 8 Kópavogi og Austurvegi 4 Selfossi - Sími 527 1717 - www.domusnova.is

Nánari upplýsingar veitir
Snorri Björn Sturluson, lögmaður
og löggiltur fasteignasali,
s. 699-4407 eða
snorri@domusnova.is

Viðtal við Daða Ágústsson

Saga föður míns er með ólíkindum

- segir Daði Ágústsson rafmagnaverkfræðingur sem ólst upp í húsi foreldra sinna við Kirkjubraut – hús sem nú er verið að breyta í sex íbúða fjölbýli

Að undanfögnu hefur verið unnið að því að gera húsið við Kirkjubraut 1 áður Skólalbraut 1 á Sel-tjarnarnesi upp. Húsið var upphaflega byggt sem tvíbýlishús en hefur nú verið breytt í sex íbúðir af stærðum 60 til 100 fermetrar. Húsið stendur á lóð þar sem mótuneyti breskra hernámsliðsins var á sínum tíma. Á tímum hersins var rotþró á lóðinni sem meðal annars átti að taka við afrennsli frá mótuneytinu. Bretarnir notuðu mikla feiti til steikinga enda matarmening þeirra nokkuð frábrugðin þeirri sem Íslendingar áttu að venjast. Þeir steiktu mikið fish and ships og afrennslið vildi oft stíflast. Lóðin er úr landi Hrólfsskála og seldi Guðmundur Pétursson útvegsbóndi Ágústi Óskari Sæmundssyni rafvirkjameistara lóðina og hann byggði húsið á sínum tíma. Daði Ágústsson rafmagnsverkfræðingur sonur Ágústs Óskars fór yfir sögu foreldra sinna og hússins með Nesfréttum á dögunum.

Daði segir sögu föður síns með nokkrum ólíkindum í eyrum nútímafólks. Foreldrar hans voru Sæmundur Þórðarson steinsmiður og múrarmeistari fæddur 1874 að Fellsmúla í Landsveit og Guðlaug Jóhannesdóttir frá Eivakoti á Eyrarbakka fædd 1922. Sæmundur og Guðlaug slitu samvistum þegar Ágúst Óskar var fjögurra ára gamall en þá bjuggu þau í Reykjavík. “Sæmundur afi minn átti heima á Njálsgötu 13 og þar var faðir minn til fjögurra ára aldurs. Þá gerast atburðir í sögu fjölskyldunnar sem nútímafólki kunna að finnastrótrúlegir. Afi og amma höfðu gift sig 1903 og var Sæmundur afi þá titlaður tómt húsmáður þótt hann lærði steinsmíði og múrverk. Á þessum tíma var oft lítið að gera fyrir byggingamenn, einkum að vetrinum, og þótt afi minn hafi komið að ýmsum byggingum varð hann gjaldþrota. Hann fór á vertíð til Vestmannaeyja veturinn 1915. Eitthvað hefur vertíðarmennskan brugðist því að á meðan hann er í Vestmannaeyjum ráðstafar Guðlaug börnum þeirra, þar á meðal Ágústi Óskari föður mínum á sveit sína. Þau

voru flutt hreppaflutningum austur á Eyrarbakka á vordögum 1915 þar sem þau voru boðin upp eins og algengt var á þeirri tíð þegar foreldrar gátu ekki séð fyrir börnum sínum. Lægstbjóðandi eða sá sem taldi sig þurfa minnstar greiðslur fyrir að taka börnin að sér fékk þau síðan til varðveislu fram að fermingaraldrinum þar sem þau voru gjarnan notuð til ýmissa verka á sveitabæjum. Þetta var ótrúleg harka gagnvart börnum en faðir minn hefur trúlega verið heppinn miðað við aðstæður vegna þess að hann fór til Þórðar Gíslasonar og Guðrúnar Gunnarsdóttur sem bjuggu að Hæringsstaðahjáleigu í Stokkseyrarhreppi sem talið var ágætis heimili. Systur hans tvær dvöldu á bæjum í nágrenninu en þrátt fyrir að Hæringsstaðahjáleiguheimilið væri talið gott mátti hann ekki hafa samskipti við þær hver sem ástæða þess hefur verið.”

Sjómanslíf og strok

Daði segir að faðir sinn hafi yfirgefið æskuheimili sitt að fermingu lokinni. Hann mun hafa verið komin til sjós 16 ára gamall. Fyrst á vertíð á Þórkötlustöðum í Grindavík, síðar á síldveiðar en lengst af sjómansferlinum var hann á kaupskipum. Daði kveðst hafa skoðað sjóferðabók hans og geta lesið sér nokkuð til um ferðir föður síns. “Hann var á skipum Eimskipafélags Íslands og um tíma var hann á norsku skipi sem sigldi



Daði Ágústsson.

milli hafna á Miðjarðarhafi. Honum líkað vistin illa en gat ekki afskráð sig því afskráning varð að fara fram í heimahöfn skipsins. Hann strauk því af skipinu í Marseille í Frakklandi þar sem hann dvaldi um tíma og svaf undir berum himni. Hann var handtekinn, gefin kostur á að fara í útlingaherdeildina en var á endanum sendur með gripalest til Danmerkur því ekki voru til peningar fyrir fargjaldi á farþegarými.”

Íþróttir og aflraunir

Ágúst Óskar var mikill KR-ingi og stundaði íþróttir um tíma. Einkum á árunum á milli tvítugs og þrítugs þar sem hann spilaði fótbolta og keppti einnig í frjálsum íþróttum. Á þessum

árum vann hann meðal annars til verðlauna í sleggjukasti og í kringlukasti. Hann var ungmennafélagi og fór víða um land ásamt Jóni bróður sínum og sýndu þeir aflraunir.

Þrítugur rafvirkjameitari

En hann varð rafvirki. “Faðir minn fór að læra rafvirkjun hjá Johan Rönning á fjórða áratugnum á árunum 1933 til 1937 og starfaði meðal annars hjá síldarverksmiðjunni á Djúpuvík, Siglufirði og síðast á Raufarhöfn. Hann tók burtfararpróf frá Iðnskólanum í Reykjavík 1936 þá 25 ára gamall, sveinspróf í rafvirkjun 1937 og fékk síðan meistarabréf í rafvirkjun og löggildingu sem rafvirkjameistari í desember 1942. Ef lítið er til sögu hans og uppeldis verður vart annað sagt en að um glæsilegan árangur hafi verið að ræða.” Daði segir föður sinn hafa komið að mörgum stórum verkefnum í Reykjavík. “Hann stofnaði fyrirtækið Raflögn 1943 en stofnsamningur þess hefur ekki fundist og því ekki vitað hverjir voru með honum eða sátu í stjórn þess. Raflögn vann meðal annars við Hafnarhúsið í Reykjavík og aðrar byggingar fyrir Reykjavíkurhöfn auk margra annarra verkefna sem of langt væri upp að telja. Þess má þó geta að hann sérhæfði sig í uppsetningu á lyftum sem farnar voru að ryðja sér til rúms í stærri byggingum á þessum tíma.”

Ómagaskráningin afmáð

“Faðir minn gat ekki sætt sig við það hlutskipti að vera skráður ómagi í Þjóðakrá. Á þessum árum hafði fólk sem taldist til sveitarómaga ekki kosningarétt og fólk varð sjálft að ganga eftir því að losna við þessa skráningu og jafnvel að borga einhvern kostnað sem sveitarfélög höfðu haft af því til baka vildi það losna við þetta. Það er ekki fyrr en á fullorðinsárum að hann fékk þessu breytt. Hann mátti ekki kjósa vegna þess að hann var skráður ómagi í Þjóðakrá. Þá tók hann sig til og hélt austur fyrir fjall og kvaðst geta greitt skuld sína væri hún einhver og krafðist þess að fá ómagatitilinn tekinn út úr Þjóðskránni sem var gert.”



Daði Ágústsson á yngri árum.



Gömul mynd af Kirkjubraut I þá Skólabraut.

Fæddist á eldhúsbekk og fótbrotnaði fjögurra ára

En þá viku sögunni að móður Daða. “Hún hét Guðný Karlsdóttir og þau faðir minn voru gefin saman 1. nóvember 1944. Giftingarveislan var haldin á heimili þeirra og var hin glæsilegasta eftir því sem næst verður komist. Móðir mín fæddist á eldhúsbekk á heimili móður sinnar við Óðinsgötu í Reykjavík. Faðirinn viðurkenndi hana ekki sem dóttur og vildi ekkert af henni vita en foreldrar hans sýndi barninu hlýju og kærleika og önnuðust hana hluta úr degi frá tveggja til sex ára aldurs. Amma vann við þvotta og þær mæðgur þurftu oft að flytja á þessum árum. Þær fluttu í Vélstjórahúsið á Framnesvegi 42 þegar mamma var átta ára og bjó hún þar allt þar til fjölskyldan flutti á Skólabrautina á Seltjarnarnesi 1947. Hún varð fyrir því óhappi að verða fyrir bíl og fótbrotna þegar hún var fjögurra ára. Þar var á ferð maður sem kallaður var Snæra Magni og var hann að sækja landa til Sigurðar Berentz sem var þekktur bruggari og okurlánari í Reykjavík á þeim tíma. Hann ók burt án þess að hafa nein afskipti af þessu en lögreglan kom og fór með hana í Svörtu Maríu upp á Landakotsspítala þar sem Matthías Einarsson yfirlæknir, faðir Louisu

Matthíasdóttur myndlistarkonu, tók við henni og gerði við brotið. Það gerði hann án þess að hafa nein röntgentæki en hann þótti mjög handlaginn við lækningaverk. Hún þurfti að liggja um tíma á spítalanum með fótinn í gífsi en móðir hennar og amma færðu henni að borða á hverjum degi. Á þessum tíma var ekki um neinar tryggingar að ræða og urðu bræður ömmu að bera ábyrgð á greiðslum vegna spítaladvalarinnar.” Daði hefur tekið saman það sem hann kallar stiklur úr lífshlaupi Guðnýjar Vilhelmínu Karlsdóttur eins og móðir hans hét fullu nafni. Má segja að þar sé að finna frásögu af hefðbundnu Reykjavíkurlífi ungrar stúlku á fyrri hluta síðustu aldar að því undanskildu að hún ólst ekki upp með foreldrum sem voru í hjónabandi. “Það var allt annað að skrá sögu mömmu þar sem hún var enn lifandi þegar ég réðst í það og gat fengið hana til segja frá. Þegar ég var að vinna að æviágripi föður míns sem þá var látinn varð ég um margt að treysta á þær heimildir sem hægt var að finna. Saga móður minnar er ekkert síður sérstök en saga föður míns þótt hún sé önnur. Ég minnst þess ekki að hún hafi skipt skapi eða talað illa um nokkurn mann. Hún eignaðist sjö börn og vann samhliða barneignum og heimilishaldi í 27 ár



Kirkjubraut I í dag.

við verslunarstörf þannig að lífið hefur ekki allraf verið dans á rósum en dugnaðurinn og krafturinn var með eindæmum. Hún hafði líka mikinn metnað að við systkinin gengjum menntaveginum og lukum við öll námi á mismuandi sviðum. Að öllu þessu lokna náði hún því að komast á tíunda áratuginn sem telja verður góður aldur miðað við allt það sem undan henni gekk.”

Keypti lóðina á 4.500 krónur

En svo byggði fjölskyldan á Seltjarnarnesi og fluttist þangað 1948. “Faðir minn fékk afsal fyrri lóðinni 1949 og var afsalið gefið út 28. febrúar það ár. Lóðin var 750 fermetrar að stærð og var 25 metrar að lengd með fram götu. Kaupverðið var 4.500 krónur. Hann hafðist þegar handa við að undirbúa bygginguna. Fékk einn af þekktari arkitektum landsins Bárð Ísleifsson til þess að teikna húsið sem starfaði lengi hjá Húsameistara ríkisins. Strax var ljóst að vanda ætti til verksins enda var húsið eins og herragarður á þeim tíma. Húsið var byggt í nokkrum áföngum. Gerður var uppdráttur að bílskúr 1955 þar en þar var síðan rekin verslun um árabíl. Á árinu 1971 er enn verið að huga að byggingum á Skólabrautinni. Gert var ráð fyrir

að byggja nýja forstofu á kjallara og að gengið yrði austan megin inn í húsið. Ekki var sótt um byggingarleyfi fyrir þeirri framkvæmd og stöðvaði hreppurinn framkvæmdina. Eftir að faðir minn féll frá var haft samband við Karl Bergmann sem þá var byggingarfulltrúi á Seltjarnarnesi og tók þá innan við klukkustund að fá öll leyfi til þess að fylla í stóru holuna sem grafin var og byggja tröppur sem hægt var að ganga inn um núverandi inngang.”

Endalaus byggingarsaga

“Þegar maður lítur yfir þessa sögu þá er vegferð foreldra minna frá æsku örbirgðar til góðra álna ævintýri líkust. Saga Skólabrautar 1 er líka nánast endalaus byggingarsaga. Alltaf var verið að bæta við og breyta og nú hefur stærsta breytingin staðið yfir. Reyndar ekki af okkar hálfu því húsið var selt. Eftir fráfall móður okkar ákváðum við systkinin að standa ekki í frekari framkvæmdum við húsið sem farið var að þarfnast viðhalds. Við ákváðum að selja það og það seldist um sólarhring eftir að það var auglýst. Og nú hefur það fengið nýtt hlutverk. Orðið fjölbýlishús með litlum íbúðum sem henta einkar vel fyrir fólk sem er að hefja búskap og festa sér sína fyrstu eign.”

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opnið virka daga kl. 10 - 18:30



DAGSKRÁ BÓKASAFNSINS

Gallerí Gróttu – sýning



HULINN HEIMUR

Kristín E. Guðjónsdóttir
sýnir í Gallerí Gróttu.

Sýningu lýkur
6. janúar 2019.



1. desember – FULLVELDI ÍSLANDS

SÖGUNNAR MINNST

Ísland varð frjálst og fullvalda ríki með gildistöku sambandslaganna **1. desember 1918**. Bókasafn Seltjarnarness minnst atburða ársins 1918 í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands með



sýningu og framsetningu á bókum, lesefni og myndefni. Nú er það **FULLVELDIÐ** ásamt sýningunum **Frostaveturinn mikli, Spænska veikin og Kötlugosið** auk þess sem Ísbjörninn lætur sjá sig á ný!



5. desember kl. 16.30-18.00



Jólastund fyrir yngstu börnin

Kl. 16:30 – JólaFÖNDURstund með Ásdísi Kalman myndlistarkennara og listamanni.



Kl. 17:30 – JólaSÖGUstund. Gerður Kristný kemur í heimsókn og les söguna **Jóladýrin** fyrir börnin.

8. desember kl. 11.00

Kósýstund fyrir yngstu börnin

Elsa Nielsen og Jóna Valborg lesa nýju bækurnar sínar um Kormák: **Kormákur Krummafótur** og **Einn, tveir og Kormákur**.



15. desember kl. 11.00-12.00

Lesið fyrir hund – Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á: sigrídur.gunnarsdóttir@seltjarnarnes.is



17. desember kl. 17.30-18.30

ERINDARÖÐ – Velliðan með Kristínu Lindu Jónsdóttur sálfræðingi

Huggulegt um jól og áramót á sálfræðilegu nótunum með Kristínu Lindu hjá Huglind, en fyrirlestrar hennar fjalla um LISTINA AÐ LIFA.



Í DESEMBER 2018

3. desember kl. 20.00

SelGARNanes og nágrenni

Áhugafólk um hannyrðir hittist einu sinni í mánuði og á notalega stund saman við handavinnu, hjálpar hvert öðru og deilir hugmyndum. Allir velkomnir. Nánar á FB-síðu hópsins: **SelGARNanes og nágrenni**



4. desember – kl. 19.30

BÓMENNTAKVÖLD

FULLVELDI ÍSLANDS og atburðir ársins 1918 með Gunnari Þór Bjarnasyni

Gunnar Þór heldur erindi um nýja bók sína *Hinir útvöldu: Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918* og stiklar á stóru um örsýningar Bókasafns Seltjarnarness **SÖGUNNAR MINNST.**



10. desember kl. 17.30

Jólastund fyrir börn og unglinga

Bergún Íris Sævarsdóttir höfundur bókanna *Elstur í bekknum* og *Lang-ELSTUR í leynifélaginu* og Birkir Blær höfundur bókarinnar *Stormsker – Fólkið sem fangaði vindinn*, sem fékk barnabókaverðlaunin í ár, koma og lesa upp úr bókum sínum.



13. desember kl. 17.30-18.30

JólaTónstafir og jólasveinar

Kl. 17.30 – Skólahljómsveit Tónlistarskólans spilar inn jólin á bókasafninu.

Kl. 18.00 – Skemmtilegustu jólasveinarnir koma í heimsókn og gleða börn á öllum aldri. Allir velkomnir.



Á aðventunni verður gestum boðið upp á jólasnákökur með kaffinu.

Fáðu allar upplýsingar um spennandi menningartengda viðburði fyrir börn og fullorðna

Ertu ekki örugglega á póstlistanum? Skráðu þig á Bókasafni Seltjarnarness eða sendu póst á bokasafn@seltjarnarnes.is og við setjum þig á listann.

Vertu einnig vinur okkar á facebook og fylgstu með jólahaldinu:

 Bókasafn Seltjarnarness

 Gallerí Gróttá



Bókasafn Seltjarnarness

Tómstundastyrkir

Í kosningunum síðastliðið vor lofuðum við Sjálfstæðismenn breytingum á tómstundastyrkjum þess eðlis að styrkurinn færðist niður í 5 ára aldur.



Sigríður
Sigmarsdóttir.

Það loforð hefur nú verið efnt þar sem á fundi íþrótt- og tómstundaneftdar 19. september síðastliðinn var tillaga okkar samþykkt einróma um að aldur til að sækja um tómstundastyrk lækki niður í 5 ára.

Breyting þessi tekur gildi 1. janúar 2019.

Það er metnaður okkar Sjálfstæðismanna að styðja við fjölskyldufólk. Það höfum við sýnt á undanförunum árum með þessari breytingu á lækku aldurs til að sækja um tómstundastyrk, hækkun tómstundastyrkja, að hægt sé að sækja um tómstundastyrk hvenær sem er á árinu rafrænt, lengri opnunartíma í sundlauginni og að halda óbreyttu þjónustustigi á leikskólum en við vinnum nú hörðum höndum að byggingu nýs leikskóla svo að við getum áfram boðið leikskólavistun frá 13 mánaða aldri.

Lengi býr að fyrstu gerð og forvarnargildi íþrótt- og tómstunda er margsannað. Innleiðing á heilsueflandi samfélagi og lækku á aldri styrkþega passar vel saman enda byrja börn sífellt yngri að stunda íþróttir og tómstundir og við búum við mikla fjölbreytni á því sviði. Má þar m.a. nefna Gróttu, Hreyfiland og Balletskóla Guðbjargar Björgvins.

Sótt er um tómstundastyrk á rafrænu Seltjarnanesi og festa þarf kvittun á æfingagjöldum við umsóknina.

Sigríður Sigmarsdóttir

Formaður íþrótt- og tómstundaneftdar

Eingöngu verið að uppfylla lagaskyldu

- engin tilraun gerð til þess að meta þarfir og þróun bæjarfélagsins segir í bókun Samfylkingarinnar

Bæjarfulltrúar Samfylkingar Seltirninga leggja til að gerð verði fimm ára áætlun þar sem útlistað er með skýrum hætti í hvaða verkefni verður ráðist og hvernig fjármagni og björgum verður forgangsraðað. Fjárhagsáætlun þurfi að byggja á skýrri stefnu og framtíðarsýn. Þau segja að þrátt fyrir að framtíðin sé óvissu háð krefjist nútímastjórnun sveitarfélags þess að menn hafi sterka tilfinningu fyrir líklegri þróun líklegra og ólíklegra þátta í ytra og innra umhverfi sveitarfélagsins og áætli áhrif þeirra á rekstur þess. Því betur sem undirbúningurinn er því auðveldara er ekki aðeins að takast á við afleiðingar breytinga heldur undirbúa komu þeirra.

Í greinargerð þeirra segir m.a. að bæjarbúar hafa sent skýr skilaboð um að þeir vilji áfram jákvæðan rekstur en þeir telji líka ríka kröfu á nútíma rekstur og stjórnun á forsendum sjálfbærni. Krafa um sjálfbæran rekstur í nútíma samfélagi snúist ekki einungis um þá kröfu að rekstur bæjarins sé jákvæður. Hún snúist um að bæjaryfirvöld komi á og viðhaldi jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta í rekstrinum. Í greinargerðinni segir að minnihlutinn hafi ítrekað bent á að í þriggja ára áætlun sé eingöngu verið að uppfylla lagaskyldu, engin tilraun sé gerð til þess að leggja mat á þarfir og þróun samfélagsins til næstu ára. Seltjarnarnesbær standi frammi fyrir stórum áskorunum sem krefjast framsækni, framsýni og pólitísks þors.

MotorMax

Motormax ehf
Vatnagördum 12
Sími: 545 4040

Hjá Motormax getur þú fengið

- Léttþrif
- Alþrif
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun

og allt annað sem viðkemur bílaþrifum.

Er ekki kominn tími á að **þrifa bílinn?**



GEIRSGATA 1, 101 REYKJAVÍK

LENGRI OPNUNARTÍMI
FRAM AÐ JÓLUM!
OPIÐ FRÁ: 11-22
(Á GEIRSGÖTU 1)

HRINGDU EF ÞÚ VILT SÆKJA OG PÖNTUNIN
ER TILBÚIN ÞEGAR ÞÚ MÆTIR

☎ 511-1888

Sigurbjörg tekur við Fóttaaðgerðastofu Seltjarnarness

- Margrét verður áfram á stofunni í hlutastarfi



Sigurbjörg Hulda Guðjónsdóttir og Margrét Jónsdóttir.

Margrét Jónsdóttir og Ragnheiður Guðjónsdóttir, fóttaaðgerðafraeðingar, sem stofnuðu Fóttaaðgerðastofu Seltjarnarness og ráku hana í 19 ár, hafa hætt rekstri og við honum hefur tekið Sigurbjörg Hulda Guðjónsdóttir, fóttaaðgerðafraeðingur.

Sigurbjörg hóf störf á stofunni í júní sl. og hefur síðan unnið við hlið Margrétar. Margrét mun verða áfram á stofunni í hlutastarfi. Ragnheiður og Margrét þakka Seltirningum góðar viðtökur sem þær fengu í upphafi og fylgdu þeim æ síðan. Auk almennra fóttaaðgerða býður fóttaaðgerðastofan sem fyrr upp á ýmsar sérmeðferðir svo sem við inngrónum nöglum, vörtum og öðrum fótameinum.

Fóttaaðgerðafraeðingar stofunnar hafa ávallt sinnt símenntun og kynnt sér nýjungar viðkomandi faginu. Fóttaaðgerðastofa Seltjarnarness er til húsa að Austurströnd 8, jarðhæð. Tímá pantanir í síma 552 8833.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Selkórinn



Á þessu ári eru liðin 50 ár frá því að Selkórinn var stofaður.

Hátíðartónleikar í Seltjarnarneskirkju 24. nóvember

Síðari afmælistónleikarnir Selkórsins og Sinfóníuhljóm-sveitar áhugamanna verða laugardaginn 24. nóvember kl. 16:00 í Seltjarnarneskirkju. Á þessu ári eru liðin 50 ár frá því að konur í kvenfélaginu Seltjörn stofnuðu Selkórinn. Fyrstu árin var kórinn eingöngu kvennakór en fljótlega fengu konurnar til liðs við sig nokkra karla og hefur kórinn síðan verið blandaður kór. Selkórinn hefur á hálfri öld vaxið og dafnað, ferðast víða um heim og haldið tónleika. Einnig hefur kórinn sungið á ýmsum stöðum hér innanlands bæði einn og með öðrum kórum og átt samstarf við ótal íslenska tónlistarmenn.

Fyrri tónleikar afmælisársins voru á liðnu vori þar sem kórinn söng lög eftir þekktu íslenska tónlistarmenn. Lögin voru útsett fyrir Selkórinn, þar á meðal mörg lög

eftir Jóhann Helgason, en hann söng einnig á tónleikum. Á efnisskrá síðari tónleikanna er Missa in Tempore Belli eftir Joseph Haydn. Í messunni sem einnig er oft nefnd Þákumessa syngja, auk kórsins, fjórir einsöngvarar, þau Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir mezzosópran, Egill Árni Pálsson tenór og Ágúst Ólafsson bassi. Stjórnandi er Oliver Kentish.

Tileinkaðir 100 ára fullveldi

Afmælistónleikarnir eru einnig tileinkaðir 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Af því tilefni fékk Oliver, stjórnandi kórsins, skáldið Sigurð Ingólfsson til þess að semja ljóð sem Oliver samdi síðan tónverk við. Þetta verk "Mitt land" verður frumflutt á tónleikum.

Miða á tónleikana er hægt að fá hjá kórfélögum en einnig við inngang á tónleikadag. Miðaverð er kr. 3.500.-.

Húsfélagapjónusta Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu

• EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára ábyrgð

Vandaðir krossar á leiði!

JS LJÓSASMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



SINDUR eyrnalokkar: 14.900 kr.



SINDUR hálsmen: 19.200 kr.



SINDUR armband: 14.000 kr.



SINDUR hringur: 19.900 kr.



SINDUR armband: 19.000 kr.



SINDUR eyrnalokkar 16.900 kr.



SKARTAÐU ÞÍNU FEGURSTA

aurum
BY
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík
Frí heimsending af www.aurum.is

sushi social

7 rétta deluxe

Jólamatseðill



* Lambatartar

Trufflusnjór, laufabrauð, rauðkál, reyktur Ísbúi

* Nauta carpaccio

Kjúklingalifrakæfa, furuhnetur, birki-sýróp, trufflu-mayo, perlulaukur

* Jólarúlla - 4 bitar

Graflaxrúlla með brennivíni og dilli, avókadó, mangó, gúrku, dill-mayo, rúgbrauðs „crumble“

* Pönnusteiktar tígrisrækjur

Grape gljád pak choi, poppuð svínapura, sítrus beurre blanc

* Nautalund

Trufflusmælki, seljurótarmauk, lauksulta og kardimommugljái

Eftirrættir

* Súkkulaði-fudge

Karamella, mjólkursorbet, hvít-súkkulaðimulningur

* Dulce De Leche Panacotta

Kanil-svampkaka, bananaís

8.990 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið

Borðapantanir á sushisocial.is



MONTECILLO
CASA FUNDADA EN PUENMAYOR

Sushi Social
Þinghóltsstræti 5
Sími 568 6600

Hringbraut og Pósturinn að flytja af Eiðistorginu

Flest bendir til að tveir aðilar sem verið hafa með starfsemi á Eiðistorginu hverfi þaðan innan tíðar. Gert er ráð að Íslandspóstur færi starfsstöð sína af torginu og að ný starfsstöð og pósthjónusta verði opnuð í húsnæði Bændahallarinnar við Hagatorg í samstarfi við Arionbanka snemma á næsta ári.

Sjónvarpsstöðin Hringbraut

sem verið hefur með starfsemi á Eiðistorgi um nokkurn tíma í húsnæði þar sem Íslandsbanki var mun einnig flytja innan tíðar. Sjónvarpsstöðin mun flytja í Kópavog – í gamla félagsheimili Kópavogs þar sem skrifstofur bæjarfélagsins voru en þær voru fluttar í húsnæði sem er yfir syðri brúnni á Kópavogsgjánni á síðasta ári.



ORÐ HAFNA ÁHRIF
Möntru armböndin
Silfur, gull, rósagull.
Verð frá
6.500

Nærðu þig og þína í Systrasamlaginu



**KRISTALSVATNSFLÖSKUR
& KRISTALLAR**

JÓGA- OG HUGLEIÐSLUVÖRUR

Endlaust fallegt úrval af jógaðýnum, hugleiðslupúðum, jógafatnaði og allskyns fylgihlutum.



Mínum á hugleiðslu

alla miðvikudagsmorgna kl. 9.15.
Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.



CACAO & ANNÆÐ Á BOÐEFNABARNUM



GJAFABRÉF ER GULLMOLI

Fyrir gjafabréf Systrasamlagsins getur fengið allt þetta og meira til.



FATNAÐUR BySírrý



**FLOTHETTAN
15.900**



VINSÆLI JÓGASAMFESTINGURINN

Ath. Opið lengur í desember.



Afgreiðslutími í desember.
Mán-10-16.
Þri-fös 10.00-18.00.
Lau: 11.00-16.00.

Systrasamlagið
Óðinsgötu 1
Sími: 511 6367
www.systrasamlagid.is

Allar jólagjafirnar á einum stað

Ekki þvælast um bæinn
þveran í leit að jólagjöfum.
Verstaðu heima í héraði
á hagstæðu verði.



Í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar. Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í Bókakaffi stúdenta, kíktu á nýjustu bækurnar og skoðaðu allar skemmtilegu gjafavörurnar í Kaupfélagi stúdenta.

bóksala stúdenta

Alvöru bókabúð og miklu meira

Háskólatorgi - www.boksala.is - www.facebook.com/boksala



Sex leikmenn úr 3. flokki á úrtaksæfingum KSÍ



Sex leikmenn úr 3. flokki Gróttu voru valdir til að taka þátt í úrtaksæfingum U16 í október og nóvember. Þeir Hannes Ísberg, Orri Steinn, Kjartan Kári, Krummi Kaldal og Grímur Ingi úr 3. flokki karla tóku þátt í úrtakinu helgina 26. til 28. október.

Gaman er að segja frá því að Gróttu var með þriðju flestu leikmennina í úrtakinu. Aðeins Breiðablik og Stjarnan voru með fleiri leikmenn en Gróttu í þessu úrtaki. Margrét Rán Rúnarsdóttir í 3. flokki kvenna tók þátt í úrtakinu helgina 2-4. nóvember.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMÉR
GRÓTTU ER
170



Sópuðu til sín verð- launum á haustmóti FSÍ

Í október var keppt í 3. þrepi á Haustmóti FSÍ og sópuðu stelpurnar í Fimleikadeild Gróttu til sín verðlaunum í sínum aldursflokkum.

Agnes keppti í 3. þrepi 12 ára og varð í 2. sæti í fjölþraut og sigraði á tvíslá og slá. Hildur Þurí, Ísól, Ragnhildur, Ásdís Erna, Lovísa Anna og Svanhildur Sunna kepptu í 3. þrepi 11 ára og yngri. Hildur Þurí varð í 2. sæti í fjölþraut og í 1. sæti á tvíslá og 3. sæti á gólfi. Ísól varð í 3. sæti á slá. Ragnhildur varð í 5. sæti í fjölþraut og í 3. sæti á tvíslá. Ásdís Erna varð sigraði í fjölþraut og á gólfi og varð í 2. sæti á slá. Frábær árangur hjá stelpunum.

Tinna Brá og Rakel Lóa í æfingahóp U-15 ára landsliðsins

Tinna Brá, markmaður á yngri ári í 3. flokki, var valin í fyrri æfingahóp U-15 ára landsliðsins í fótbolta sem æfði 12. til 13. október undir stjórn Þorláks Árnasonar. Rakel Lóa, leikmaður á yngri ári í 3. flokki, var valin nú á dögnum í síðari æfingahópinn, sem æfði dagana 16. til 17. nóvember.

Gaman er að sjá fjölgun ungra leikmanna í Gróttu í landsliðsúrtek og ljóst að knattspyrnan á Seltjarnarnesi er á mikilli siglingu.

20%
AFSLÁTTUR
Í NÓV.

Kraftur & virkni úr náttúrunni



FJALLAGRASA
Háls- og hóstmixtúrur

Fást í öllum helstu apótekum, heilsuvörverslunum, Hagkaup og Fjarðakaupum.

ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Fjölbreytt dagskrá hjá félags og tómstundastarfi eldri bæjarbúa hér á Nesinu hefur mælst ágætlega fyrir og verið vel sótt, bæði fastir liðir og aðrir viðburðir. Bingóið í golfskrálanum þann 18. október var vel sótt og skemmtilegt að venju og sendum við Hauki framkvæmdastjóra klúbbsins þakkir fyrir að taka á móti okkur, en **golfskála-bingóið** er orðinn fastur liður tvisvar á ári.

Mjög góð þátttaka er einnig almennt í félagsvistinni. Fjölgun spiladaga hefur ekki dregið úr þátttökunni því nær alltaf er spilað á 7 borðum.

Næstu daga og vikurnar fram að jólum verður ýmislegt á dagskránni. **Bingó** í salnum fimmtudaginn 22. nóvember kl. 13.30 og **félagsvist** í salnum fimmtudaginn 29. nóvember kl. 13.30. **Jólagjafa og föndur** dagar verða í salnum á Skólbraut milli kl. 13.00 og 15.00 mánudaginn 3. desember og miðvikudaginn 5. desember og svo aftur mánudaginn 10. desember og býðst þá fólki að fönndra skemmtilegar smágjafir undir leiðsögn. Allir hjartanlega velkomnir.

Fimmtudaginn 6. desember er svo komið að **jólahlaðborðinu á Hótel Örku**, en það er orðinn árviss viðburður og gert ráð fyrir fólki af Nesinu í þau hátíðarhöld. Farið verður frá Skólbraut k. 15.00 þann 6. desember. Herbergi afhent kl. 16.00. Borðhald hefst kl. 19.30. Jólahlaðborð, dagskrá, dansleikur, gisting og morgunverður. Lagt af stað í bæinn um kl. 11.00 á föstudeginum 7. des. Skráningarblöð liggja frammi á Skólbraut og Eiðismýri.

Fimmtudaginn 13. desember er boðið upp á **Gæðastund í Listasafni Íslands** undir heitinu Litlu jólin. Leiðsögn, kaffi og bekkelsi. Skráning.

Miðvikudaginn 19. desember: **Söngur og súkkulaði** í salnum á Skólbraut frá kl. 14.00. Hátíðarstund í aðdraganda jóllanna. Nemendur Tónlistarskólans leika á hljóðfæri. Jólaveinninn kíkir við. Jólstemning og söngur.

Einnig hvetjum við fólk til að fylgjast með dagskrá Bókasafnsins nú fyrir jólin en þar eru ýmsir skemmtilegir og áhugaverðir liðir á döfinni.

Skráning og upplýsingar varðandi alla dagskrá félags og tómstundastarfs eldri bæjarbúa liggja frammi í félagsaðstöðunni í króknum á Skólbraut 3-5 og einnig hjá Kristínu í síma 8939800. Nú þegar er farið að vinna að dagskránni fyrir næstu önn janúar – júní 2019. Hugmyndir og tillögur að dagskránum sendist á kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is eða hringið í síma 893 9800.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er **Margrét Rán Rúnarsdóttir**. Margrét var valin í úrtakshóp U16 í október og nóvember í fótbolta, spilaði sinn fyrsta meistaraflokks leik í sumar og er gríðarlega efnileg íþróttakona, en hún var einnig valin í U17 ára úrtakshóp handboltalandsliðsins.

Fullt nafn? Margrét Rán Rúnarsdóttir.

Fæðingard. og ár? 22. febrúar 2003.

Starf? Nemi í Valhúsaskóla.

Farartæki? Hjólið mitt.

Helstu kostir? Læt aðra dæma um það.

Eftirlæstis matur? Ekkert sérstakt, gæti ekki valið eitt. Ég elska allan mat.

Eftirlæstis tónlist? Hef fjölbreyttan tónlistarsmekk en Áttan klikkar seint.

Eftirlæstis íþróttamaður? Allar vinkonur mínar eru geggjafir íþróttamenn. Þær eru uppáhalds.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Horfi á ýmislegt en How I Met Your Mother, Friends og Gossip Girl eru í miklu uppáhaldi.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Allar Hungurleika bækurnar og Harry Potter.

Uppáhalds leikari? Neil Patrick Harris.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Þær eru margar en elska báðar Mamma Mia myndirnar til dæmis.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Hitti vini, bæði spila og horfi á fótbolta og fer í sund.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Finnst allt á Íslandi mjög fallegt.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Húmor og heiðarleika.



Hvern vildir þú helst hitta?

Jesse Lingard.

Uppáhalds vefsíða? Youtube

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Myndi vilja fara á Manchester United leik.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Myndi bjóða fjölskyldunni í gott frí til útlanda og kannski vinunum í aðra ferð og spara svo rest.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bærstjóri í einn dag? Myndi fá stórt karaoke tæki á Eiðistorg og innanhús fótboltaaðstöðu.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Bæta mig í fótboltanum og komast lengra í honum. Líka vil ég komast inn í góðan menntaskóla og standa mig vel þar.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Var dugleg í unglingsvinnunni og fór út til Bandaríkjanna með fótboltanum á USA cup.

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999  S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmíðurinn.is - bilasmíðurinn@bilasmíðurinn.is



Jólasnúðar



*Gleðilegt
Jól*



Kransakonfekt



Tindrandi Frostros



Gómsætar Sörur



Árakonfekt



Snæhvítar Dívur



Brownie's

Jólagóðgæti að hætti Jóa Fel



BAKARÍ